

Breyta starfshlutfalli

Ath. Þegar starfshlutfalli er breytt þá þurfa allar forsendur til þess að liggja fyrir samþykktar af réttum yfirmönnum og/ eða fyrirbyggjandi samningi viðkomandi stéttarfélags.

Öll störf eru skráð í Orra með réttu starfshlutfalli nema um tímavinnu sé að ræða. Þegar breyta þarf starfshlutfalli er best að stilla fyrst kerfið á þá dagsetningu, sem nýtt starfshlutfall á að gilda.

Ath þer að þó um sé að ræða laugardag eða sunnudag þá skal skrá rétta dagsetningu en ekki miða við fyrsta virka dag.

1. Smellt er á kerfisdagsetningu og stillt á þá dagsetningu sem nýja starfshlutfallið gildir frá.



Viðkomandi starfsmaður er valin/n með því að slá inn kennitölu eða starfsnúmer og þá opnast einstaklingskráningarmyndin. Smella skal á Starf hnappinn í þeirri mynd og þá opnast Starf myndin.

2. Farið er með bendilinn í gula svæðið sem heitir Starfshlutfall.

Starf. 01.09.2011 (Jón Jónsson)

Skipulagseining	FLK Áætlana- og þróunarsvið	Stéttarfélag	5574.9401
Starfsheiti	FLK.Launafulltrúi.	Stöðuheiti	
Samn. og launafl.	631.010	Keyrsla	Mánaðargreiðsla
Staðsetning	FLK Áætlunar- og þróunarsvið	Staða	Virkt starf
		Laust starf	
Starfsnúmer	87938	Stéttarfélagssamningur	
Starfaflokkun	Dagvinna	Starfaflokkun	

Launaupplýsingar **Næsti yfirmaður** Reynslu- og uppsagnarfrestur Vinnutími Lögboðnar upplýsingar Ýmislegt

Nafn Jóna Jónsdóttir,
Starfsm.númer 100089

Gildisdagsetning
Frá 01.09.2011 Til 15.09.2011 [..0]

Launaforsendur **2.** Starfshlutfall Laynaseðlar Agnað...

Mynd 1. [Starf-myndin](#)

Breyta starfshlutfalli


3. Þegar við smellum á Starfshlutfallshnappinn, þá opnast gluggi til þess að skrá nýtt starfshlutfall á viðkomandi starfsmann, Ath að það starfshlutfall sem er á viðkomandi starfsmanni birtist og þarf að fara með bendilinn í Gildis svæðið og skrá það starfshlutfall sem viðkomandi á að fara í.



Gildi	Eining	Frá	Til
100	Starfshlutfall	15.04.2013	

Mynd 2. Núverandi starfshlutfall


Ath. að efst í glugganum í bláu línunni sést að dagsetningin er stillt á 15.04.2013 og viðkomandi starfsmaður er Jón Jónsson. Nú skráum við það starfshlutfall sem á að gilda frá og með 15.04.2013. Hér erum við að skrá 50% starfshlutfall og ath að ekki á að skrá % merkið, einungis 50.



Mynd 3. Starshlutfalli breytt


Þegar við smellum á <Enter> hnappinn kemur upp glugginn hér að ofan og spurning hvort við viljum Uppfæra eða Leiðrétta. Þar sem við viljum alltaf geyma söguna, þá veljum við Uppfæra.

Þá erum við spurð hvort við viljum vista þessar breytingar og við veljum „Yes“



Mynd 4. Breytt starfshlutfall vistað

Þá kemur staðfesting á því að breytingarnar hafi veri vistaðar og við smellum á OK.



Mynd 5. Staðfesting á breytingu

ATH ber að launakerfið reiknar ekki rétt starfshlutfall ef breytinging á starfshlutfalli er ekki frá og með mánaðarmótum. Launakerfið lítur einungis á starshlutfallið eins og það er skráð síðasta dag mánaðarins sem er verið að reikna út laun fyrir. Ef starfshlutfallsbreytingin er t.d. frá 14. einhvers mánaðar, þá þarf að setja inn tvær launaforsendur þannig að frá og með 01. til og með 13. þarf þá að láta kerfið reikna nýja starfshlutfallið á þessu tímabili í mínus og á móti sama tímabil gamla starfshlutfallið í plús. Þannig fær viðkomandi tímabilið 1. til og með 13. greitt í því starfshlutfalli sem hann var í og svo greitt frá og með 14. til mánaðarmóta og áfram í því starfshlutfalli sem hann var settur í.